



# Áveitan

8. tbl. 10. árgangur. Ágúst 2016

## Ungmennafélagsreiðtúr 7. ágúst

Hinn árlegi ungmennafélagsreiðtúr verður farinn sunnudagskvöldið 7. ágúst næstkomandi. Riðin verður létt og falleg um það bil 11 km löng leið með Hvítá á milli Langholts og Oddgeirshóla og til baka veginn á milli Oddgeirshóla og Langsholtshverfis. Við ætlum að hittast í Langholti á planinu við hesthúsið hennar Viðju, þangað er hægt að koma með kerrur og leggja á hross og síðan geyma bæði bíl og kerru á meðan reiðtúrin er farinn. Lagt verður af stað í útreiðatúrin stundvíslega kl. 20:30. Vonandi verður veður hagstætt eins og svo oft í sumar og mæting góð í þennan fyrsta reiðtúr Ungmennafélagsins Þjótanda.

Stjórnin

## Íþróttæfingum senn að ljúka

Nú fer íþróttæfingum sumarsins að ljúka. Fimmtudagskvöldið 11. ágúst er síðasta æfing sumarsins hjá Árna Geir. Planið lítur þá svona út:

- 4. ágúst - leikjakvöld unglingar og eldri í Þjorsárverri kl 20-22
- 9. ágúst - íþróttæfing í Þjorsárverri 20:30-21:30
- 11. ágúst - Leikjakvöld unglingar og eldri í Skagás kl 20-22. Leikjakvöldin í Einbúa halda áfram til 17. ágúst.

Íþróttanefnd

## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Ragnar Sigurjónsson  
icegordon@gmail.com  
S. 820-3565

lðunn Ýr Ásgeirsdóttir  
idunnyr84@gmail.com  
S: 865-1454

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is  
S. 892-4155

## Héraðsmót í starfsíþróttum

Héraðsmót í starfsíþróttum fer fram í Grunnskólanum á Hellu laugardaginn 13. ágúst n.k. og er mótið hluti af Töðugjöldum á Hellu.

Keppt verður í stafsetningu, fuglagreiningu og pönnukökubakstri og hefst keppni kl. 14.

Í stafsetningu og fuglagreiningu verður keppt í tveimur aldursflokkum, 15 ára og yngri og 16 ára og eldri.

Við Flóamenn höfum oft staðið okkur vel á starfsíþróttamótum og nú er um að gera að fá sér bíltúr austur á Hellu og taka þátt. Skráning verður á staðnum.



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

# Áskorendamótið 2016

Ungmennafélagið Þjótandi hefur skorað á sameiginlegt keppnislið Umf. Gnúpverja og Umf. Skeiðamanna til keppni í frjálsum íþróttum og reiptogi. Mótið er laugardaginn 20. ágúst á íþróttavellinum við Þjórsárver og hefst kl 13:30. Skráning fer fram á staðnum og Umf. Þjótandi bíður uppá hressingu að móti loknu. Mótinu er ætlað að fylla upp í það skarð sem Samhygðar- og Vökumótið skilur eftir sig og það er okkar von að félagsmenn Umf. Þjótanda fjölmenni á þennan skemmtilega viðburð, taki höndum saman og reyni að hafa sigur í stigakeppninni!

## ***Keppnisgreinar***

Frjálsar íþróttir: Karlar- 100m, 800m, Langstökk, Kúluvarp og spjótkast.  
Konur- 100m, 800m, Langstökk, Kúluvarp og Kringlukast.  
Fjórar umferðir eru í köstum og stökkum.

Reiptog: Það lið sigrar sem fyrr vinnur tvær viðureignir. Í hvoru liði skulu vera 15 manns og þar af a.m.k. fimm konur. Ef ekki nást svo fjölmenn lið skal komast að samkomulagi um fjölda liðsmanna á staðnum en konur skulu áfram vera a.m.k. einn þriðji keppenda.

***Stigakeppni*** Fyrir sigur í hverri grein fást 6 stig, annað sæti fær 5 stig og svo koll af kolli. Fyrir sigur í reiptogi fást 10 stig.

***Verðlaun*** Fyrstu þrjú sæti í hverri grein fá viðurkenningu. Auk þess eru afhent verðlaun fyrir stigahæsta karl og konu mótsins. Fyrir sigur í heildarstigakeppninni er afhentur farandbikar til eins árs.

***Keppnisréttur*** Keppnisrétt hafa allir skráðir félagar ungmennafélaganna þriggja. Hafa skal í huga að á mótinu er keppt í fullorðinsflokkum og reglur eftir því. Gestþátttaka er heimil á mótinu.

## Úrslit af íþróttamótum

**Unglingamót HSK** fór fram á Selfossvelli miðvikudaginn 20. júlí. Lið Umf. Þjótanda varð í fimmta sæti stigakeppninnar með 39 stig og tefldi fram á mótinu sinni fyrstu boðhlaupssveit. Hér er árangur keppendanna á mótinu:

Stefán Narfi Bjarnason	100m hlaup	12,29sek	1. Sæti
	Hástökk	1,25m	1. Sæti
	Spjótkast	43,12m	2. Sæti
	Langstökk	5,79m	1. Sæti
	Kúluvarp	12,8m	1. Sæti
Hólmar Höskuldsson	Kúluvarp	9,86m	3. Sæti
Sveit Þjótanda	4x100m boðhlaup	52,15sek	1. Sæti

Í sveitinni voru: Stefán Narfi Bjarnason, Hannes Höskuldsson, Hólmar Höskuldsson og Sölvi Ólafsson.

## Úrslit af unglingsmótinu

Hér er árangur Þjótandamanna í frjálsum íþróttum á Unglingsmótinu.

Sigurjón Reynisson	'05	60m hlaup	10,62sek	13. Sæti
		Hástökk	1,11m	6.-7. Sæti
		Langstökk	3,66m	8. Sæti
		Kúluvarp (2kg)	5,99m	11. Sæti
		4x100m boðhl	63,93sek	1. Sæti
Unnsteinn Reynisson	'03	Hástökk	1,16m	11.-12. Sæti
		Langstökk	3,76m	15. Sæti
		Spjót. (400g)	19,38m	20. Sæti
Brynjar Jón Brynjarsson	'01	Langstökk	4,62m	13. Sæti
		Kúluvarp (4kg)	9,35m	8. Sæti
		Kringluk. (1kg)	20,92m	13. Sæti
		Spjót. (600g)	25,06m	14. Sæti
Stefán Narfi Bjarnason	'00	100m hlaup	13,24sek	13. Sæti
		Langstökk	5,44m	11. Sæti
		Kúluvarp (5kg)	10,71m	5. Sæti
		Kringluk. (1,5kg)	33,22m	3. Sæti
		Spjót. (700gr)	40,85m	5. sæti
		4x100m boðhl	47,66sek	1. Sæti
Hólmar Höskuldsson	'99	100m hlaup	13,45sek	15. Sæti
		Langstökk	5,05m	15. Sæti
		Kúluvarp (5kg)	10,22m	8. Sæti
		Kringluk. (1,5kg)	21,49m	11. Sæti

		Spjót. (700gr)	25,60m	13. sæti
		4x100m hlaup	51,36sek	3. Sæti
Hannes Höskuldsson	'99	Kúluvarp (5kg)	11,22m	4. Sæti
		Spjót. (700gr)	31,52m	11. Sæti
		4x100m hlaup	51,36sek	3. Sæti

Á unglingslandsmótinu var keppt í mörgum fleiri greinum. Krakkar úr Flóahreppi tóku t.a.m. þátt í fótbolta og körfubolta, skák, glímu, hestaiþróttum og fleiri greinum. Mótið var afar vel heppnað og veður nokkuð gott alla dagana. Næsta unglingslandsmót verður haldið á Egilsstöðum 2017.

## UPPSKRIFTARHORNID

Ég skal sko finna þig í fjöru, Hallfríður, fyrir að skora á mig þar sem þú veist að ég hef nóg annað að gera enn að vera skrifa í blöðin. Ég ætla að setja hér eina uppskrift sem ég elda stundum handa Hallfríði þegar hún bíður sér í mat til mín.

### **Djúpsteiktur fiskur í orly**

3 dl hveiti

1 tsk lyftiduft

1/2 tsk salt

1 - 2 egg

2 msk matarolía

2 - 3 dl úr stórrri bjórdós

Handfylli af muldum beikonbugðum eða öðru góðu snakki

Krydd eftir smekk og nóg af því.

Öllu hrært saman í þykkan jafning. Takið slatta af fisk og skerið hann niður í bita. Veltið fiskbitunum uppúr hveiti og dýfið þeim síðan í jafninginn og djúpsteikið. Sett á fat með eldhúspappír undir. Ef afgangur er af orly deiginu er gott að skera niður lauk og djúpsteikja líka. Best er að borða með þessu djúpsteiktar franskar og cocktailsósu.

Ég ætla skora næst á elskulega tengdamóður mína, Kolbrúnu Júlíusdóttir, en ég veit að hún mun koma með uppskrift sem getur ekki klikkað.

Kristinn Matthías Símonarson, Kolsholti 1 - gamla bæ.

## Pistillinn

Takk fyrir áskorunina, Viðar og takk fyrir að taka að þér að byggja þetta hús okkar! Enn einn útlendingurinn flytur í Flóahreppinn... En líklegast er hægt að nota okkur að minnsta kosti í pistlaskrif!

Ég kom fyrst til Íslands fyrir meira en tuttugu árum til að vinna við tannningar einn vetur og hér er ég enn – kunnugleg saga, ekki satt. Úr Finnsku skógunum þurfti ég af öllum stöðum að lenda í Landeyjunum, og ég átti í alvörunni í basli með viðáttuna. Ég kom stundum að mér þar sem ég var að hugleiða að skríða ofaní skurð til að losna við hana. Svo vandist þetta nú, og ég verð að viðurkenna að ég kann vel við víðsýnið í dag.

Reyndar er ég ekki neinn skógarfinni, heldur fædd og uppalin við sjóinn í Helsinki. Ég kynntist bæði sveitinni og íslenska hestinum á unglingsárunum af algjörri tilviljun.

Eins og svo margar stelpur var ég með hestadellu frá því ég man eftir mér. Svo var að mamma mín vissi um bóndabæ þar sem var stunduð lífræn matjurtarækt með meiru og útvegaði mér sumarvinnu þar þegar ég var 15 ára. Þegar hún sendi mig af stað nefndi hún það svona í framhjálaupi að það væru líka hestar á bænum þannig að ég fengi örugglega að fara á bak ef ég væri dugleg að vinna. Henni skildist að það væri eitthvað sérstakt við þessa hesta þarna, en hún vissi ekki alveg hvað, enda ekki kunnug hestamennsku yfirleitt.

Það sem var sérstakt við þessa hesta var að þeir voru íslenskir en þeir voru ekki margir í Finnlandi á þessum tíma. Ég lenti hreinlega hjá einum af stofnendum Finnsla íslandshestafélagsins! Ég hafði heyrt þessa hestakyns getið, og var rétt svo búin að átta mig á tilveru Íslands en lengra náði þekking mín ekki, verð ég að viðurkenna.

Mér fannst þessir hestar bara mjög skemmtilegir og dembdi mér fulla ferð út í íslandshestamenskuna og þetta ævintýri sem er enn að gerast. Það er stundum skrítið til þess að hugsa hvernig hlutir gerast í lífi manns, eitt leiðir að öðru, en það munar oft mjóu að það hefði orðið eitthvað allt annað.

Nýlega frétti ég af gamalli vinkonu frá þessum tíma í sveitinni í Finnlandi. Þar var hryssan Nös sem þá var 13 vetra og var róleg og þæg, þannig að hún var notuð fyrir krakka og var fyrsta íslenska hrossið sem ég fékk að prófa. Hún kunnir nú ekki einu sinni að tölta, en það ótrúlega er að Nös þessi er enn á lífi, 28 árum seinna og orðin fréttæfni þar sem hún er talin vera elsta lífandi hross í Finnlandi. Og reikniði nú!

Á sama tíma og þessi frétt vakti upp gamlar minningar frá þessum tímamótum í lífi mínu er nýr kafli í ævintýrinu að hefjast þar sem við Högni og sonur okkar Albert erum loksins búin að finna okkar sælureit hér í Flóahreppi. Hvað ætli hún Regína mín sem Högni gaf mér í afmælisgjöf á sínum tíma gæti orðið gömul?  
Ég skora á Atla nágranna okkar á Ósavatni að skrifa næsta pistil.

Mia Hellsten, Egilsstaðatjörn

## **Haustfundur Afréttamálafélagsins**

Afréttamálafélag Flóa og Skeiða heldur haustfund sinn 29. ágúst n.k. í Þingborg og hefst hann kl. 20:30. Allir fjáreigendur hvattir til að mæta.

Réttað verður í Reykjaréttum á Skeiðum laugardaginn 17. september n.k. Stjórn Afréttamálafélagsins hvetur þá sem ætla sér að fara til fjalls, hvort sem er í fyrsta safn eða eftirsafn að hafa samband við fjallkónga sem fyrst og panta leit. Þeir eru:  
Vesturleit, Ágúst Ingi Ketilsson s. 899-5494  
Austurleit, Ingvar Hjálmarsson s. 891-9597

Stjórnin

## Kornbændur athugið

Flóakorn ehf. býður upp á kornslátt og völsun eins og undanfarin ár. Félagið hefur yfir að ráða öflugri þreskivél af gerðinni Sampo og Murska kornvals. Bændur eru hvattir til að panta tímanlega. Stjórn Flóakorns tekur við pöntunum en hana skipa:

Höskuldur Stóra Ármóti, sími: 8974766.

Stefán Gerðum, sími: 8676907.

Helgi Súluholti, sími: 8929872

## Dagskrá mánaðarins

Leikjakvöld í Einbúa	3. ágúst
Unglingaleikir í Þjórsárveri	4. ágúst
Ungmennafélagsreiðtúrinn	7. ágúst
Íþróttæfing og kvennabolti	9. ágúst
Leikjakvöld í Einbúa	10. ágúst
Unglingaleikir í Skagás	11. ágúst
Héraðsmót í starfsíþróttum	13. ágúst
Leikjakvöld í Einbúa	17. ágúst
Áskorendamót 2016	20. ágúst
Hautfundur afréttamálafélagsins	29. ágúst

